



Um hlutverk nefnda í Rótarýklúbbnum Borgum 2013-2014

Byggir á lögum Rotary, vinnu fyrri forseta og stjórna.
Breytingar 2013; Málfríður K. Kristiansen ásamt stjórn 2013 – 2014.

1



Stjórn klúbbsins

- ▶ Stjórn skipa forseti, verðandi forseti og varaforseti, ritari, gjaldkeri og stallari.
- ▶ Forseti stýrir klúbbfundum og stjórnarfundum og ber ábyrgð á starfi klúbbsins. Hann á rétt til setu á fundum allra nefnda.
- ▶ Ritari heldur féлага- og mætingaskrá, ritar fundargerðir, sér um skýrslur og annast greiðslu gjalda til Rotary ásamt gjaldkera.
- ▶ Gjaldkeri ber ábyrgð á innheimtu félagsgjalda og vegna tilfallandi viðburða, greiðslu almennra gjalda, sjóðum og reikningshaldi.
- ▶ Stallari annast um eignir og gögn klúbbsins, uppröðun fyrir og eftir fundi, tekur á móti félögum og gestum í upphafi funda.

Júní 2013

2

Starfsáætlun stjórnar – helstu áherslur

- ▶ Móta stefnu um ný samfélagsverkefni sem klúbburinn getur tekið að sér m.a. með hliðsjón af nýjum reglum Rotarýsjóðsins.
- ▶ Virkja alla féлага með þátttöku í nefndum eða öðru starfi.
- ▶ Að félagar kynnist innbyrðis, s.s. með númerakerfi á borðum, þátttöku í viðburðum, ferðalögum og annarri samveru.
- ▶ Að félagar kynnist starfsgreinum hvers annars og áhugamálum, t.d. með því að félagar haldi erindi um framangreint
- ▶ „Háski sem ég hef lent í“ er yfirskrift 3ja mínútna erinda starfsárið 2013 - 2014

Júní 2013

3



Helstu áherslur – frh.

- ▶ Halda fjölda féлага um 80 - 85, jafna kynjaskiptinu og lækka meðalaldur við inntöku nýrra féлага, leitast við að endurspegla fjölbreytni samfélagsins hvað varðar starfsgreinar og þjóðerni.
- ▶ Að ánægjulegt sé að mæta á fundi og að fyrirlestrar séu fræðandi og skemmtilegir
- ▶ Að fyrirlesarar fái umsaminn fyrirlestrartíma og umræðu á fundum.
- ▶ Halda tímaáætlun fundanna og virða tímamörk við fundarlök.

Júní 2013

4



Yfirlit nefnda

<i>Stjórn klúbbsins</i>	Menningarmálanefnd
Alþjóða- og laganefnd	Rótarysjóðs- og fræðslunefnd
Félagavalsnefnd	Verkefnanefnd
Ferðanefnd – Ísland	Skemmtinefnd
Ferðanefnd - útlönd	Starfsþjónustunefnd
Framkvæmdanefnd	Ungmennanefnd
Tómstundanefnd	Þjóðmálanefnd
Rit – og skjalavörslunefnd	<i>Nefndir og ráð á vegum umdæmisins</i>

Júní 2013

5

Verksvið nefnda

- ▶ Meginverksvið nefnda kemur fram á eftirfarandi glærum og byggir að hluta á lögum Rotaryhreyfingarinnar
- ▶ Auk þess sem þar kemur fram skulu nefndir sjá um fundarefni s.s. fyrirlestra og annað sem stjórn felur þeim hverju sinni
- ▶ Nefndum er heimilt að gera tillögur til stjórnar að breyttu verksviði eða nýjum verkefnum eftir því sem viðkomandi nefnd telur ástæðu til og hefur áhuga á

Júní 2013

6



Alþjóða- og laganefnd

- ▶ Ber ábyrgð á verkefnum klúbbsins í alþjóðaþjónustu
- ▶ Skipuleggur fræðslu um alþjóðamál á fundum klúbbsins
- ▶ Kynnir sér samþykktir löggjafarþings Rótary International og miðlar því til klúbbfélaga.
- ▶ Endurskoðar sérlög klúbbsins þegar þörf krefur (var gert 2012)
- ▶ Annast móttöku erlendra Rótarygesta og veitir þeim fyrirgreiðslu
- ▶ Gerir áætlun um og annast samskipti við erlenda Rótaryklúbba í samvinnu við Ferðanefnd – útlönd og Rotaryfræðslunefnd eftir atvikum.

Júní 2013

7



Félagavalsnefnd

- ▶ Sér til þess að fjöldi félaga sé milli 80 - 85, að hlutfall kvenna og karla sé sem jafnast, og að fjölbreytni gæti í starfsgreinum og þjóðerni.
- ▶ Hefur frumkvæði að öflun nýrra félaga þegar núverandi félagar hætta og kannar hvort tilnefndir aðilar njóti áhlits og trausts í störfum sínum og hvort þeir séu félagslyndir. Við öflun nýrra félaga skal þess gætt að meðalaldur lækki í klúbbum.
- ▶ Kynnir þá sem til greina koma fyrir stjórn klúbbsins og kynnir þeim störf og skyldur sem félagar í Rótary
- ▶ Aflar upplýsinga fyrir ritara vegna nýskráninga í félagatal á heimasíðu og Rotary.org
- ▶ Sér til þess að nýir félagar finni sig í hópnum, s.s. með því að skipa þeim sérstakan tengilið fyrsta.
- ▶ Fylgist með mætingum félaga í samráði við ritara og ræðir við þá félagar sem fara undir lágmarksmætingu skv. reglum Rotaryhreyfingarinnar
- ▶ Kannar hvað veldur því að félagar hætta að mæta og segja sig frá störfum fyrir Rótary

Júní 2013

8



Ferðanefnd - Ísland

- ▶ Skipuleggur ferðir klúbbfélaga innanlands, s.s. árlega jeppaferð að hausti þar sem ferðast er um hálendi landsins.
- ▶ Skipuleggur aðrar ferðir þar sem leitast er við að blanda saman fræðslu og samveru með góðum veitingum.
- ▶ Ferðanefnd skal hafa samráð við stjórn hvað varðar tímasetningar og kostnað af ferðum og skemmtinefnd eftir því sem þörf er á.

Júní 2013

9



Ferðanefnd - útlönd

- ▶ Skipuleggur ferðir klúbbfélaga til útlanda
- ▶ Hefur samráð við alþjóða- og laganeftnd þegar um heimsóknir til erlendra Rotarý klúbba er að ræða
- ▶ Stefnt er að því að skipuleggja sameiginlega ferð klúbbfélaga til útlanda á 2 til 4 ára fresti.

Júní 2013

10



Framkvæmdanefnd

- ▶ Skipuleggur klúbbþing amk. einu sinni á ári til að ræða framtíðaráherslur klúbbsins og annað í starfi hans
- ▶ Annast forval og stjórnarkjör
- ▶ Skipuleggur og heldur utanum stjórnarskiptafund í samráði við forseta og skemmtinefnd

Júní 2013

11



Tómstundaneftnd

- ▶ Kortleggur áhugasvið félagsmanna og skipuleggur viðburði eða fyrirlestra á grundvelli þeirrar könnunar þegar við á.
- ▶ Skipuleggur árlegt golfmót klúbbanna í samvinnu við Rotarýklúbb Kópavogs (og Þinghóls), heimsóknir golfara til annarra klúbba eftir því sem aðstæður leyfa og hvetur til þátttöku í golfmótum á vegum Rotarýhreyfingarinnar.

Júlí 2012

12



Menningarmálanefnd

- ▶ Ber ábyrgð á áhugaverðri fræðslu og kynningu atburða á sviði menningarmála
- ▶ Hefur forgöngu um heimsóknir á menningarstofnanir
- ▶ Skipuleggur þátttöku í áhugaverðum listviðburðum
- ▶ Hefur umsjón með árlegri heimsókn í hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð á sumardaginn fyrsta, með aðstoð skemmtinefndar

Júlí 2012

13



Ritnefnd

- ▶ Sér um kynningu fyrir almenning um Rótarý, þjónustuverkefni okkar og önnur störf til að vekja athygli og áhuga á hreyfingunni, s.s. í héraðsblaði eða á öðrum samfélagsmiðlum.
- ▶ Skoðar kostina við að nota Facebook til viðbótar heimasíðunni.
- ▶ Ber ábyrgð á upplýsinga- og myndefni s.s. upplýsingum um verkefni, vísur, frásagnir, myndir og öðru áhugaverðu efni á miðli klúbbsins
- ▶ Annast öflun og uppfærslu mynda af félögum til birtingar í félagaskrá og í félagatali á heimasíðu og annast endurútgáfu félagatals
- ▶ Markar stefnu um skjalamál klúbbsins í samvinnu við stallara og ritara.
- ▶ Heldur utanum heimildir klúbbsins í samvinnu við stallara og ritara.

Júlí 2013

14



Rótarýsjóðs – og fræðslunefnd

- ▶ Vinnur að fjáröflun fyrir Rótarýsjóðinn
- ▶ Kynnir þá styrki sem hægt er að sækja um í Rótarýsjóðinn, bæði til einstakra verkefna og annars.
- ▶ Vinnur með Verkefnanefnd að umsóknum um styrki í Rótarýsjóðinn.
- ▶ Veitir félögum fræðslu um Rótarý; sögu, markmið, verkefni, störf og hina ýmsu félagshópa innan hennar, s.s. Rotary Fellowship Program o.fl. áhugaverða hópa
- ▶ Veitir nýjum félögum fræðslu um réttindi og skyldur í Rótarýklúbbum

Júní 2013

15



Verkefnanefnd

- ▶ Gerir tillögur að samfélagsverkefnum tengd fræðslu- og mannúðarmálum á starfssvæðinu sem klúbburinn getur tekið að sér
- ▶ Sækir um styrki í Rótarýsjóðinn í samvinnu við Rótarýsjóðs- og fræðslunefnd og heldur utanum fjármál þeirra verkefna sem klúbburinn fær frá Rótarýsjóðnum til tiltekinna verkefna (einn eða með öðrum), í samvinnu við gjaldkera klúbbsins.
- ▶ Heldur utanum samfélagsverkefni sem styrkt eru af Rótarýsjóðnum og / eða á annan hátt

Júní 2013

16



Skemmtinefnd

- ▶ Skipuleggur og sér um skemmtanir klúbbsins
- ▶ Aðstoðar ferðanefnd við ferðalög innanlands sem klúbburinn gengst fyrir
- ▶ Sér um stjórnarskiptafund ásamt framkvæmdanefnd
- ▶ Aðstoðar menningarmálanefnd við árlega heimsókn í Sunnuhlíð

Júní 2013

17



Starfsþjónustunefnd

- ▶ Skipuleggur kynningar og fræðslu af hálfu klúbbfélaga um starfsgrein þeirra með starfsgreinaerindum
- ▶ Skipuleggur heimsóknir til fyrirtækja og til annarra Rótarýklúbba innanlands
- ▶ Mótar verklagsreglur um hvenær og hvernig klúbburinn bregst við ýmsum viðburðum í lífi félaga, s.s. stórafmæli, barnsfæðingar eða giftingar. Einnig hvað varðar andlát félaga, maka hans eða barna. Tillögur að verklagsreglum eða breytingum á þeim skulu lagðar fyrir stjórn á hverjum tíma.

Júní 2013

18



Ungmennanefnd

- ▶ Annast kynningu á nemendaskiptum og miðlar upplýsingum um verkefni á vegum Rótarý fyrir ungt fólk
- ▶ Annast samstarf og stuðning við félaga í Rótaractklúbbum Geysi
- ▶ Styður við verkefni ungs fólks á starfssvæðinu
- ▶ Sér um skiptinema sem eru hér á vegum klúbbsins þegar við á

Júní 2013

19



Þjóðmálanefnd

- ▶ Ber ábyrgð á störfum til eflingar þjóðmálaþjónustu
- ▶ Sér um að þau mál sem efst eru á baugi í bæjarfélaginu og þjóðfélaginu hverju sinni verði kynnt og til umræðu á fundum klúbbsins
- ▶ Gerir tillögur um hvernig félagar geti helst lagt þjóðfélagsmálum lið

Júní 2013

20



Ungmennanefnd

- ▶ Annast kynningu á nemendaskiptum og miðlar upplýsingum um verkefni á vegum Rótarý fyrir ungt fólk
- ▶ Annast samstarf og stuðning við félagi í Rótaractklúbbum Geysi
- ▶ Styður við verkefni ungs fólks á starfssvæðinu
- ▶ Sér um skiptinema sem eru hér á vegum klúbbsins þegar við á



Aðrar nefndir og ráð

- ▶ Fulltrúaráð Sunnuhlíðar
- ▶ Fráfarandi umdæmisstjóri í umdæmisráði – fræðslustjóri umdæmisins
- ▶ Aðstoðarumdæmisstjóri
- ▶ Félagapróunarnefnd Rótarý
- ▶ Friðarstyrkur Rótarý – úthlutunarnefnd
- ▶ Ritnefnd Rótarýumdæmisins
- ▶ Tengiliður við Rótarýsjóðsnefnd